



Alþingi
Erindi nr. P 131/698
komudagur 18.1.2005

Reykjavík
13. janúar 2005

v/131. löggjafarþing
v/Þskj. 67, 67. mál

Umsögn um frumvörp til laga frá Samtökum um kvænnaathvarf

Um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum
(bann við limlestingu á kynfærum kvenna).

UMSÖGN

Samtök um Kvænnaathvarf lýsa fullum stuðningi við framkomið frumvarp um bann við limlestingu á kynfærum kvenna. Ýmislegt bendir til þess að samfélag okkar sé að breytast ört með auknum fjölda innflytjenda. Þrátt fyrir mikla kosti þess höfum við einnig orðið varar við skuggahliðar er snúa að réttindum kvenna. Það er því full ástæða til að gefa skýr skilaboð um að menningarbundin kúgun kvenna verði ekki liðin, hvort sem hún er í formi limlestinga á kynfærum eða öðru.

Að öðru leyti áréttum við þá skoðun sem komið hefur fram í öðrum umsögnum okkar um frumvörp að tekin séu til endurskoðunar lög er snúa að ofbeldi karla gegn konum hér á landi með það að markmiði að vinna á þeim bletti á samfélaginu sem kynbundið ofbeldi er.